

**LEIKSKÓLI - HVANNAVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI**

**Starfsemi:**

Í húsinu er 4 deilda leikskóli. Húsið skiptist í þrjá hluta, 1 deild fyrir eldri börn og 1 deild fyrir yngri börn í norðurenda, 2 deildir fyrir eldri börn í suðurenda sem tengjast saman með kjarnabyggingu sem í er aðstaða starfsfólks, eldhúss, salir og fl. sameiginleg rými. Miðað er við að fjöldi barna sé allt að 100 mestan hluta dagsins. Fleiri börn geta þó verið á skörunartíma um miðjan daginn eða allt að 108. Gert er ráð fyrir 24-26 stöðugildum og að mestur starfsmannafjöldi í einu í húsinu sé 31-35.

**Byggingarlýsing:**

Húsið er á steinsteyptum sökklum á malarpúða. Undir steinsteyptri plötu er einangrunarplast. Kólnunartala plötu : 0,30W/m2C°. Útveggir eru steinsteyptir, einangrað að utanverðu með veggplötu 100 mm, 80 kg/m3 (steinull) og klæddir með sléttum, eldföstum lituðum plötum að hluta og að hluta með lóðréttri viðarklæðningu. Innanhúss eru steypfir veggir sléttmúraðir. Gluggar eru trégluggar með álkápu að utanverðu. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv. byggingareglugerð. Kólnunartala útvegga er 0,4 W/ m2 C°. Þak er uppbyggt úr léttum einingum, óloftuðum, þ.e. heitt þak. Þakklæðning er pvcdúkur. Kólnunartala þakflata er betri en 0,20 W / m2C°. Allir léttir innveggir eru gifsklæddir, fylltir steinull. Loftklæðning innanhúss eru hljóðdeyfandi harðpressaðar steinullarplötur í brunaflokk 1. Vélræn loftræsing er í öllum gluggalausum rýmum, snyrtingum, eldhúsi og þurrk- og fataklefum, þvottahúsi, fjölnotarými, vinnustofu starfsfólks, hvíldar og kaffistofu starfsfólks, en annars er loftað um opnanleg fög. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar. Keramískar flísar eru á gólfum anddyra, fataherbergja og snyrtinga en vinyldúkur á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu. Á öðrum gólfum er linoleum dúkur og í öllum leik og kennslurýmum er korkment undirlag. Gólfniðurföll eru í öllum votrymum. Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna.

**Smáhýsi á lóð**


Eitt smáhýsi er á lóð fyrir geymslu leiktækja. Það er byggt úr einfaldri timburgrind og klætt sléttum, eldföstum lituðum plötum, þak er klætt með vinyldúk. Húsin eru óupphituð en með rafmagnslýsingu. Það er opið vagnaskýli á lóð fyrir 10 vagna, uppbygging samb. við geymsluskúr.

**Brunavarnir**

Viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi tengt vaktstöð verður í húsinu. Í húsinu eru ÚT-ljós og neyðarlýsing, björgunarop, rýmingarleiðir, brunaslöngur skv. kröfum reglugerðar. Öll björgunarop eru 0,7m x 1,0 m. Brunaslöngur eru við báða aðalinnanga skólans. Allar klæðningar eru í flokki 1. Slökkvitæki eru staðsett í samráði við Eldvarnarefirlitið. Lóð er hönnuð af Forma ehf

Stærðir:  
Lóðarstærð: 6.070,8 m2  
Brúttóflötur húss : 727,5 m2  
Heildarúmmál húss: 2.541,6 m3  
Grunnflötur smáhúss: 10,0 m2  
Heildarúmmál smáhúss 25,0 m3  
Bílastæði: 24 stk  
Vörumóttökustæði: 1 stk

Samþykkt þann  
16 MAY 2007  
Byggingarúmmál Hafnarfirði  
Fh. Jón Sigurðsson



ÚTGÁFA	TEIKNAD	SAMÞYKKT	DAGS
BREYTINGAR			

ASK Arkitektar  
Geirsgötu 9  
101 Reykjavík  
Sími 515 0300  
Fax 515 0319  
www.ask.is



Áritun aðalhönnuðar:  
Páll Gunnlaugsson arkitekt FAL, kt. 210552-2199

**LEIKSKÓLINN HAMRAVELLIR**  
Hvannavellir 1

VERK NR 06105	NÖMUR TEIKNINGAR 10-01	MKV. I A2 1:500
HEITI TEIKNINGAR AÐALTEIKNINGAR Afstöðumynd		TEIKNAD HT
DAGS 21.05.07		ÚTGÁFA